

**Atvinnurekenda
deild**

LeiðtogaAuður

**Alþjóða
nefnd**



**Fræðslu
nefnd**

**Nýsköpunar
nefnd**

**Viðskipta
nefnd**

FKA
Félag kvenna í atvinnulífinu

**Fjölmiðla
verkefnið**

**Golf
nefnd**

**FKA
Norðurland**

**FKA
Suðurland**

**FKA
Vestfirðir**

Efnisyfirlit

Stjórn FKA	2
Skýrsla formanns	3
Skýrsla framkvæmdastjóra.....	5
FKA viðurkenningar	6
Skýrsla Atvinnurekendadeildar	10
Skýrsla LeiðtogaAuðar	12
Skýrsla Alþjóðanefndar.....	14
Skýrsla Fjölmiðlanefndar	15
Skýrsla FKA Norðurland	15
Skýrsla FKA Suðurland	16
Skýrsla FKA Vestfirðir	16
Skýrsla Golfnefndar	17
Skýrsla Nýsköpunarnefndar.....	19
Skýrsla Viðskiptanefndar.....	20
Skýrsla Fræðslunefndar.....	20
Ársreikningur.....	23



Stjórn FKA f.v Ingibjörg Guðmundsdóttir, Kolbrún Víðisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður, Áshildur Bragadóttir, Ólöf Guðmundsdóttir Salmon, Herdís Jónsdóttir og Rakel Sveinsdóttir

FKA var stofnað 9. apríl 1999. FKA er öflugt tengslanet kvenna og er markmið þess m.a. að sameina konur í atvinnulífinu og um leið að auka sýnileika og tækifæri kvenna með því að stuðla að virðingu og verðskuldaðri athygli samfélagsins á framlagi fyrirtækja sem rekin eru af konum.

Framkvæmdastjóri félagsins árið 2015 var Hulda Bjarnadóttir og þann 1. maí 2016 tók Hrafnhildur Hafsteinsdóttir við.

Stjórn FKA er kjörin á aðalfundi félagsins í maí ár hvert. Stjórnin er skipuð 7 félögum sem sitja tvö ár í senn. Formaður er kjörin til tveggja ára.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og gætir hagsmuna þess á grundvelli laga félgsins.

HLUTVERK, MARKMIÐ OG GILDI

Hlutverk FKA er að tengja saman allar konur í atvinnulífinu, efla samstarf og sýnileika þeirra í viðskiptum.

MARKMIÐ

Sýna fram á árangur og stöðu kvenna í atvinnulífinu.

Efla viðskiptatengsl.

Miðla viðskiptatengdum fróðleik.

Álitsgjafar í atvinnulífinu.

Vekja athygli á fyrirmyndarfyrirtækjum.

GILDI

Gildi FKA eru byggð á skammstöfuninni í heiti félagsins:

- ✓ Framsækni
- ✓ Kunnátta
- ✓ Afl

Veturinn 2015-2016

Viðburðaríkt og öflug starf.

Starfsárið 2015-2016 hefur verið viðburða- og innihaldsríkt í starfi FKA. Starfið hófst með heimsókn til fjármálaráðherra, þar sem farið var yfir markmið ríkisstjórnarinnar hvað varðar málefni atvinnulífsins og fékk ráðherra margar spurningar sem brenna á atvinnurekendum og stjórnendum. Vel heppnuð vísindaferð til Barcelóna með um 50 konum setti tóninn fyrir veturinn. FKA konur settust á skólabekk í MBA deild IESE viðskiptaháskóla þeirra Katalóna, þar sem við fengum fyrirlestur, verkefni til að leysa og tækifæri til umræðna. Afar fjörugar umræður urðu og var mikil ánægja með skólagönguna þó stutt væri. Ferðin var í alla staði vel heppnuð og ekki síst var ánægja með heilsdags vinnu/umræðustofu í boði stjórnarformanns Coca Cola á Spáni og Vífilfells Íslandi. Það var því innblásinn og ánægður hópur sem hélt heim eftir margar skemmtilegar heimsóknir, handboltaleik og dans á stöndinni.



Þórdís Lóa

En það er ekki bara að FKA fari erlendis á hverju ári í vísinda og skemmtiferð heldur tökum við gjarnan á móti erlendum félögum. Í vetur höfum við tekið á móti öflugum leiðtogum úr finnsku atvinnulífi og stórum hóp af indverskum athafnakonum, og undirritað var samstarfs samkomulag við kollega okkar á Indlandi.

Nefndir og deildir stóðu fyrir fjölbreyttu starfi ásamt stjórn FKA strax í september með áhugaverðum og vel sóttum fundum, heimsóknum og uppákomum. Viðburðir eins og konur í karlaheim, örnámskeið í hagnýtingu fjölmiðla og samfélagsmiðla voru vel sótt ásamt mörgum öðrum. Ómetanlegt er fyrir félagasamtök að hafa til að skipa slíkum mannauði, þekkingu og reynslu sem deilt er af alúð og óeigingirni. Kraftur, elja og hugmyndaauði hafa einkennt starfið og fyrir það er stjórn FKA afar þakklát.

Einn af stærstu viðburðum vetrarins er FKA viðurkenning sem var afar glæsileg í ár haldin í Hörpu í enda janúar. Viðurkenning FKA er orðin fastur liður í íslensku atvinnulífi og er sérlega gaman að sjá hversu fjölbreyttur hópur mætir og heiðrar viðurkenningahafa með nærveru sinni.

15 ára afmæli LeiðtogaAuðar

Veturinn 2015 hélt LeiðtogaAuður uppá 15 ára afmælið með hátíðarkvöldverði þar sem samankomnar voru frumkvöðlar LeiðtogaAuðar ásamt núverandi félögum, mikil ánægja var með afmælið og langar stjórn sérstaklega að óska þeim til hamingju.

FKA Vestfirðir.

Í nóvember 2015 var FKA Vestfirðir stofnað af öflugum konum á Vestfjörðum. Framkvæmdastjóri, formaður og fulltrúi viðskiptanefndar héldu vestur og héldu stofnfund þar sem mættu um 30 konur. Upphaf þessa framtaks spratt uppúr tengslum innan viðskiptanefndar. Hugmynd, gott tengslanet og þátttaka urðu til þess að áhugi skapaðist fyrir FKA Vestfirði og bjóðum við vestfirska kvennleiðtoga og stjórnendur velkomnar í félagið og hlökkum til öflugs starfs með þeim á komandi misserum.

Stefnumótun.

Eins og kynnt var á aðalfundi 2015 var ákveðið að komin væri tími á stefnumótun. Mikil gróska hefur verið í FKA undanfarin ár og hefur félagið stækkað mikið bæði í fjölda félaga en líka í innviðum með tilkomu öflugra deilda Atvinnurekenda og LeiðtogaAuðar. Því taldi stjórn vera komin tíma á nýja stefnumótun. Fulltrúar deilda, nefnda og stjórn héldu vinnustofu í janúarbyrjun í Kríunesi undir styrki stjórn Guðrúnar Ragnarsdóttur hjá Strategíu.

Gríðarlega góð vinna var gerð, sem stjórn FKA tók við og unnið var áfram í nokkrum verkefnahópum. Verkefnahópar skiluðu sinni vinnu í byrjun maí og mun ný stjórn FKA hafa verk að vinna við að taka stefnumótunina áfram og innleiða inní allt starf FKA. Hlutverk FKA var endurskilgreint og voru nokkur kjarnaorð þar að leiðarljósi s.s. Hreyfiafl, fjölbreytileiki, jafnvægi, sýnileiki, tengslanet, samstaða og kraftur. Hóparnir unnu framkvæmda áætlun þar sem gríðarlega metnaðarfull verkefni eru sett á oddin.

Í stefnumótuninni kom skýrt fram sú sýn að FKA eigi að vera hreyfiafl í íslensku atvinnulífi.

FKA er sannarlega orðið afl, framsækið félag sem tekur þátt í að breyta og hafa áhrif á íslenskt samfélag og atvinnulíf. Við erum gríðarlega stoltar af þeirri vinnu sem unnin var í þessari stefnumótun og næg vinna er eftir í að framfylgja stefnunni og innleiða.

Stjórn FKA ef afar þakklát fyrir öflugt, skemmtilegt og fjölbreytt starf og þakkar öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg hvort heldur er með skipulagningu og undirbúningi eða með mætingu og virkri þátttöku á viðburðum og í innra starfi félagsins.

Kæra FKA kona, Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn. Gangi þér allt í haginn og megi draumar þínir rætast.

Fyrir hönd stjórnar FKA
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður FKA



Heilar og sælar kærur félagskonur

Grunnur að velgegni félagasamtaka eru öflugir félagsmenn, í okkar tilfelli öflugar konur.

Það sem stendur upp úr eftir stutt kynni er eldmóður ykkar til að starfa í þágu félagsins og öll sú óeigingjarna vinna sem þið leggið af mörkum til að FKA verði að hreyfiafli í íslensku atvinnulífi. Í mars var ég ráðin sem framkvæmdastjóri félagsins ykkar og tók formlega við starfinu 1. maí sl. Það hefur verið afar dýrmætt að fá að kynnast ykkur til að undirbúa þau verkefni sem framundan eru.

Verkefni FKA hafa verið fjölbreytt á starfsárinu og hafa nefndir og deildir sérsniðið viðburði sem henta þeim 1000 félagskonum sem nú eru í félaginu. Á undanförunum vikum hef ég tekið þátt í stefnumótun með stjórn og félagskonum. Hlutverk og gildi FKA eru mikilvæg og mikil vinna hefur verið unnin í að skýra og skerpa á þeim. Jafnframt var farið í vinnu til að móta betur markaðsmál og sýnileika félagsins sem og hvernig við tengjum yngri konur við þær reyndari. Eitt af markmiðum FKA eru fjölbreyttir fundir, félagsstarf og tengslamyndun en að auki verður áfram mikilvægt að skoða stór verkefni eins og jafnvægi þegar kemur af fjölgun kvenna í stjórnnum og ábyrgðarstöðum fyrirtækja sem var sérstaklega tekið fyrir í stefnumótuninni og er mér mjög hugleikið. Efling landsbyggðarinnar er mikilvægt verkefni og að félagskonur líti á sig sem eina heild hvar sem þær búa á landinu. Vinnan í stefnumótuninni hefur reynst mér einstaklega mikilvæg því hún verður mitt leiðarljós í að vinna áfram að markvissara starfi sem og framtíðarsýn FKA. Að lokum vil ég þakka góðar móttökur í nýju starfi. Ég hlakka til samstarfsins og að kynna fjölbreytta dagskrá næsta starfsárs.



Hrafnhildur Hafsteinsdóttir

Á léttum en árangríkum nótum kveð ég ykkur kærur félagi í FKA. Nýjustu tölur frá Evrópuráðinu sýna að hvergi í Evrópu er hlutfall kvenna í stjórnnum stærstu skráðu fyrirtækjanna jafn hátt og hérlandis þar sem við náum yfir 40%. Í Noregi er staðan líkust því sem hér er, eða 39%. Löggjöfin hérlandis hafði svo sannarlega sitt að segja, en vinna undangenginni ára og áratuga hefur án efa flýtt fyrir þessari þróun en það er heldur engin tilviljun að árangur náist með skjótum hætti. FKA konur hafa verið óþreytandi í að láta til sín taka í umræðunni á ýmsum vettvangi og var þetta eitt af meginverkefnum mínum sem framkvæmdastjóri félagsins, að styðja við þau langtíma verkefni sem stjórnir höfðu sett sér hverju sinni. Og var aukin þátttaka kvenna í stjórnnum eitt af þeim verkefnum. En sumir óttast bakslag nú, því þegar árangur næst, þá fer ákveðin slaki að myndast. Og sem dæmi þá er birtingamyndin í fjölmiðlaumfjöllun, er kemur að viðskiptalífinu og fréttatengdu ljósvakaefni, ekki að spegla þessa framför og mögulega tekur það lengri tíma. Það er þó staðföst trú mín að með sterkara tengslaneti kvenna náist meiri árangur í atvinnulífinu og í dag hefur mögulega aldrei verið meiri þörf fyrir tengslamyndun kvenna.



Hulda Bjarnadóttir

Að endingu vil ég deila því með ykkur að orðið stolt er það orð sem kemur upp í huga minn þegar ég hugsa til þeirra samverustunda og verkefna sem við höfum unnið að. Það að vinna með kjarnakönnum sem knýja íslenskt atvinnulíf hefur verið lærdómsríkt og gefandi. Og það er deginum ljósara að engin ykkar kallar allt ömmu sína! Þannig eiga einmitt íslenskar konur að vera. Að vilja fram á veginn og vilja ná árangri í því samfélagi sem við byggjum. Megi félaginu farnast vel og megi spor okkar allra marka bjarta framtíð kvenna í atvinnulífinu.



Það var mikið um dýrðir í Norðurljósasal Hörpu þegar FKA afhenti sínar árlegu viðurkenningar að viðstöddum fjölda þeirra karla og kvenna sem standa í framlínu íslensks viðskipta- og atvinnulífs.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður félagsins ávarpaði gesti og bauð þá velkomna en að því búnu afhenti Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra þremur athafnakonum viðurkenningar félagsins.

FKA viðurkenninguna 2016 hlaut Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Birna var innanbúðar í bankakerfinu á einhverjum mestu og erfiðustu umbrotatímum í íslensku efnahagslífi. Hún tók við stjórnartaumunum þegar óvissan var allsráðandi í þjóðfélaginu og starfsfólk jafnt sem viðskiptavinir uggandi um sinn hag. Birna einsetti sér frá upphafi að þjappa starfsmönnum bankans saman og telja í þá kjark. Saman lögðu þau sig síðan fram um að greiða úr þeim vandamálum sem fyrir lágu. Þannig ávann hún sér virðingu og traust viðskiptavina og samstarfsfólks sem lýsir henni sem metnaðarfullri en mannúðlegri, stefnufastri en sveigjanlegri í senn.

Undanfarin ár hefur Birna verið óeigingjörn við að miðla reynslu sinni til bæði karla og kvenna sem vilja láta til sín taka í viðskiptum eða annars staðar í samfélaginu. Sérstaka áherslu hefur hún lagt á starfsþróun kvenna innan Íslandsbanka og hafa konur innan bankans m.a. haft aðgang að lærimeistara (mentor) sem ætlað er að efla þær í atvinnulífinu.

Hvatningarviðurkenningu FKA hlaut Kolbrún Hrafnkelsdóttir, forstjóri og stofnandi Florealis; fyrirtækis sem sérhæfir sig í þróun og markaðssetningu á skráðum jurtalyfjum.

Kolbrún Hrafnkelsdóttir er brautryðjandi á þessu sviði héraðs og fyrirmynd margra ungra kvenna í lyfjageiranum.

Að sögn Kolbrúnar eiga jurtalyf sér langa sögu á meginlandi Evrópu. Þar beita menn sömu vísindalegu rannsóknaraðferðum við þróun þeirra og hefðbundinna lyfja. Nú hafa reglugerðir Evrópusambandsins varðandi skráningu og gæðastaðla jurtalyfja einnig verið



innleiddar hér á landi. Kolbrún fagnar þessu og telur þessar breyttu reglur gera auknar kröfur til framleiðenda um fagleg vinnubrögð og auka öryggi neytenda. Florealis sérhæfir sig í þróun jurtalyfja úr virkum náttúruæfnum. Stefnt er að skráningu og sölu jurtalyfja fyrirtækisins á Evrópumarkað „en fyrst ætlum við að einbeita okkur að Íslandi og Norðurlöndunum; byggja upp sterkt vörumerki á þeim markaði“ segir Kolbrún Hrafnkelsdóttir lyfjafræðingur og forstjóri Florealis. .

Þakkarviðurkenningu FKA hlaut Sigríður Vilhjálmsdóttir, fjármálastjóri og eigandi Hótel Geysis og ferðapjónustunnar þar. Nöfn Sigríðar og eiginmanns hennar Más Sigurðssonar á Geysi eru samofin sögu ferðapjónustu á Íslandi. Löngu áður en farið var að líta á hana sem alvöru atvinnugrein tóku þau daglega á móti fjölda innlendra og erlendra gesta og buðu upp á gistingu, mat og fræðslu. Sannfærð um að ferðamönnum ætti eftir að fjölga til muna á komandi árum hafa þau af mikilli elju og þrautseigju byggt upp glæsilega aðstöðu á Geysi; hótél, safn, verslun og þrjá veitingastaði.

Sigríður Vilhjálmsdóttir er ásamt eiginmanni sínum brautryðjandi á sviði ferðapjónustu á Íslandi. Hún hefur lagt metnað sinn í að byggja upp glæsilegt fyrirtæki og fyrsta flokks aðstöðu fyrir ferðamenn á Geysi og er þannig fyrirmynd fyrir þá fjölmörgu sem hyggjast hasla sér völl á sviði ferðamála í framtíðinni. .

FKA skipar dómnefnd á hverju ári til að velja þær konur sem hljóta viðurkenningar félagsins hverju sinni.

Finnur Oddsson
forstjóri Nýherja hf.

Gylfi Sigfússon
forstjóri Eimskip

Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins og markaðsstjóri og einn eigenda Kjörís ehf.

Ingibjörg Guðmundsdóttir
stjórn FKA, frkvstjóri og eigandi DMC I Travel / Skemmtigarðurinn ehf.

Linda Pétursdóttir
athafnakona og fyrrum formaður FKA

Kolbrún Víðisdóttir
stjórn FKA, frkvstjóri Heilsumiðstöðvarinnar og eigandi Svartækni ehf.

Sævar Frey Þráinsson
forstjóri 365 Miðlar ehf.





Skýrsla Atvinnurekendadeildar FKA (A-FKA)

Hlutverk A-FKA er að standa vörð um hagsmuni félagskvenna sem atvinnurekenda og fyrir fræðslufundum sem taka mið af þörfum og áhugasviði og efla tengslanet þeirra.

Aðalstjórn:

Jónína Bjartmarz (formaður), Okkar konur í Kína, OK ehf. – til tveggja ára
Hulda Helgadóttir, HH ráðgjöf ehf. – til tveggja ára
Kristín Björg Jónsdóttir, Polarn og Pyret ehf. – til tveggja ára
Rut Jónsdóttir, Netkría ehf. – til tveggja ára
Þórunn Reynisdóttir, Iceland Reps – til eins árs

Varastjórn:

Lilja Bjarnadóttir, Denim ehf. – til eins árs
Inga Sólness, Gestamóttakan ehf. – til eins árs
Anna Ólafsdóttir, Propac ehf. – til eins árs

Vegna aukinna anna Þórunnar, sem skipti um starfsvettvang fljótlega eftir aðalfundinn, gekk hún úr stjórninni og Anna tók sæti í aðalstjórn í hennar stað.

Starfsárið 2015 - 2016

Félagsfundur 30. september 2015

Hádegisfundur var haldinn í lönó þar sem félagskonurnar Erla Leifsdóttir ein eigenda Bílasmíðsins hf. og Kristín Þórey Eðvarsdóttir, HP gámar – Hópsnes ehf. voru sérstakir gestir fundarins með mjög skemmtileg erindi, sögðu frá því hvernig það atvikaðist að þær fóru út í sjálfstæðan atvinnurekstur og frá fyrirtækjum sínum og rekstri þeirra á liðnum árum. Skemmtilegar umræður og mikið spjallað í kjölfarið.

Félagsfundur 19. nóvember 2015

Þennan fund bar upp á „Alþjóðlegan dag atvinnureksturs kvenna“ sem haldið var upp á með eftirmiðdagskaffi og tertu en fundurinn var annars tileinkaður sendiherrum. Frú Mitsuko Shino sendiherra Japans og Hr. Robert C. Barber sendiherra Bandaríkjanna voru gestir fundarins. Þau ræddu um stöðu kvenna í heimalöndum sínum með áherslu á atvinnurekstur kvenna. Fyrirspurnir og fjörlegar umræður sem fyrr. Sendiherrar og starfsfólk þeirra sem sat fundinn lýstu því jafnframt á fundinum að þau væru boðin og búin að aðstoða þær félagskonur sem hafi áhuga á viðskiptatengslum við þeirra heimalönd.

Ráðstefnan Global Summit of Women (GSW) 2016 – Kynningafundur 19. jan.

Í samvinnu við Alþjóðanefnd FKA hefur Atvinnurekendadeild staðið að skipulagi þátttöku og ferðar á ráðstefnuna Global Summit of Women sem fer fram í Varsjá og Kraká Póllandi dagana 8. – 11. júní nk. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er „Women, Building an Inclusive Economy in the Digital Age“. Kynningarfundur var haldinn á Bryggjan Brugghús í hádeginu þann 19. janúar þar sem Jónína sagði almennt frá ráðstefnunni, ferðaplani og kostnaðaráætlun, Þórdís Lóa frá sinni reynslu af fyrri GSW ráðstefnum og Robert Secizk, konsúll í Pólska sendiráðinu sagði frá pólsku fjárfestingaumhverfi. – Eftirfylgni þessa kynningafundar varð ekki sem skildi og ekki útlit fyrir að nema 1-3 félagskonur taki þátt í ráðstefnunni að þessu sinni.

Félagsfundur 2. mars 2016

Þar sem fyrri fundur með sendiherrum tókst sérlega vel og þegar séð að þetta er kjörin leið til að fræðast og jafnframt efla tengsl við önnur lönd, var ákveðið að bjóða aftur upp á fund með sendiherrum. Í þetta skiptið Hr. Zhang Weidong sendiherra Kína og Hr. Rajiv Kumar Nagpal sendiherra Indlands sem báðir voru með stórfroðleg inngangserindi og tóku virkan þátt í umræðu í lokin. Báðir sendiherrarnir og starfsfólk sendiráða þeirra var mjög áhugasamt og tilbúið til að aðstoða við viðskiptatengsl.

Könnun meðal kvenna í atvinnurekstri

A-FKA í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur verið að undirbúa könnun meðal kvenna í atvinnurekstri. Markmið hennar er að afla upplýsinga um sérstöðu fyrirtækja sem konur eiga og veita forstöðu, kanna þarfir kvenna í atvinnurekstri og viðhorf kvenna til stuðningsaðgerða við atvinnurekstur þeirra. Til stóð að framkvæmd könnunarinnar hæfist í síðasta lagi í byrjun janúarmánuðar en tafir urðu við öflun á þýði fyrir könnunina. Nú er hinsvegar allt til reiðu og framkvæmdin að hefjast í lok apríl.

Stefnumótunarvinna FKA

Tvær úr stjórn A-FKA, þær Rut og Jónína tóku þátt í upphafsvinnu við mótun stefnu FKA til næstu ára m.a. með þátttöku hálf dags vinnufundi í Kríunesi þann 7. janúar s.l. Hulda Helgadóttir tekur þátt í vinnu einnar málefnanefndar um það sama og Jónína er þátttakandi í yfirstandandi vinnu að því að móta 90 daga aðgerðaáætlun FKA til að auka jafnrétti!

Aðalfundur

Aðalfundur A-FKA er boðaður 17. maí næstkomandi í lðnó í Vonarstræti. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa og kaffiveitinga er ætlunina að bjóða félagskonum upp á fræðandi og skemmtilegan fyrirlestur í tilefni að lokum starfsárs deildarinnar.

Skýrsla LeiðtogaAuðar

LeiðtogaAuður er deild innan FKA fyrir konur sem hafa yfirgripsmikla stjórnunarreynslu úr atvinnulífinu, bæði einkageira og hinum opinbera, hafa gegnt ábyrgðarstöðu og vilja taka þátt í eflingu íslensks atvinnulífs.

Stjórn:

Formaður: Ruth Elfarsdóttir Framkvæmdastjóri Fjármála Alcoa Fjarðaál hf.

Varaformaður: Salvör Nordal Forstöðumaður Siðfræðistofnunar

Ritari: Helga Valfells Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs

Gjaldkeri: Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir Forstöðumaður Íslandsbanki hf.

Aðrir í stjórn:

Helena Hilmarsdóttir Fjármálastjóri Okkar líftryggingar hf.

Guðný Benediktsdóttir Verkefnastjóri Háskóli Íslandi

AÐALFUNDUR

Aðalfundur LeiðtogaAuðar árið 2015 var haldinn 16. apríl á veitingahúsinu UNO þar sem FKA konurnar Erna Vígðís og Hrefna Ingólfsdætur tóku á móti okkur.

Úr stjórn gengu Hrönn Greipsdóttir og Sigbrúður Guðmundsdóttir. Í þeirra stað komu Salvör Nordal og Guðný Benediktsdóttir. Ný stjórn kom saman stuttu seinna og skipti með sér verkum. Varðandi nefndir voru gerðar breytingar að ein úr stjórn væri í hverri nefnd auk þeirra sem kosnar væru. Í vorferðarnefnd voru kosnar Inga Guðmundsdóttir, Hrönn Greipsdóttir og úr stjórn Helga Valfells. Í viðburðanefnd voru kosnar Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir, Anna María Pétursdóttir og úr stjórn Salvör Nordal. Í inntökunefnd voru kosnar Sigríður Andersen, Rannveig Gunnarsdóttir, Bryndís Hrafnkelsdóttir og úr stjórn Helena Hilmarsdóttir. Auk þess var stofnuð ný nefnd PR nefnd með markmið að kynna og koma LeiðtogaAuði á framfæri í þeirri nefnd voru Eva Magnúsdóttir og úr stjórn Guðný Benediktsdóttir. Tókst sú starfsemi mjög vel, vorferðinni var gerð góð skil í Eyjafréttum, afmælishátíðinni í Frjálsri Verslun og Ruth Elfarsdóttir formaður kom fram í Viðskiptaþætti ÍNN. Hægt er að nálgast þessar greinar á Facebook síðu LeiðtogaAuðar undir files.

Að loknum aðalfundarstörfum voru rædd mikilvægi tengslanets þar sem Guðfinna Ingjaldsdóttir flutti ör-fyrirlestur um mikilvægi áhrifaríks tengslanets í fyrirtækjum á Íslandi og Margrét Kr. Sigurðardóttir fjallaði um tengslanet út frá markaðslegu sjónarhorni. Kvöldið var endað á kvöldverð og skemmtilegum félagsskap félagskvenna.

VORFERÐ 2015

Árleg vorferð LeiðtogaAuðar var 8 maí og var haldin í Vestmannaeyjum. Um fjörutíu konur tóku þátt og ferðin þótti takast afar vel. Á dagskrá var heimsókn í Ísfélagið þar sem Guðbjörg Matthíasdóttir tók vel á móti okkur og fór með okkur um eyjuna. Sagði sögu Ísfélagsins, út frá viðskiptalegu sjónarhorni og mikilvægi þess í samfélaginu. Árelía Guðmundsdóttir var með mjög áhaugaverðan fyrirlestur um leiðtogahæfni á tímum annarrar iðnbýltingar hvað þýða þessar breytingar fyrir okkur sem leiðtoga, farið var í skoðunarferð í Eldheima og að lokum var veislukvöldverður í Ákóges salnum þar sem heimamenn tók vel á móti okkur með þjóðhátíðarstemningu.

EVU heilsuhótelið

Starfið hófst með morgunheimsókn 6. október í EVU heilsuhótelið í Ármúla þar sem Ásdís Halla Bragadóttir tók á móti okkur ásamt samstarfskonum og skoðuðum einnig starfsemina.

Birna Ósk Einarsdóttir, erindi um C-kynslóðina

Þann 10. nóvember hélt Birna Ósk Einarsdóttir, erindi um C-kynslóðina á morgunverðarfundum í Húsi atvinnulífsins. En C-kynslóðin er sá starfsmanna hópur sem hefur alist upp í „stöðugu sambandi“ og stjórnendur standa oft ráðþrota yfir, fór hún yfir hugmyndir sínar hvernig á að stýra þessum hóp.

Innanríkisráðherra Ólöf Nordal

Hópur kvenna heimsótti þann 24. nóvember innanríkisráðherra Ólöfu Nordal þar sem hún fór yfir helstu verkefni og áskoranir ásamt nánustu samstarfskonum sínum í ráðuneytinu

LeiðtogaAuður 15 ára

Vegleg afmælishátíð var haldin 8. desember í lönó. Fjölmenni og mikil fjölmiðlaumfjöllun fylgdi starfinu og mikilvægi tengslanets fyrir konur. Á þeim 15 árum síðan LeiðtogaAuður var stofnað hefur margt breyst sem hefur aukið framgang kvenna í viðskiptalífinu, eitt af mörgu sem hefur stuðlað og styrkt þessar breytingar eru tengslanet og þekkingarmiðlun okkar innan LeiðtogaAuðar og annarra. Í því tilefni var boðið til veglegrar veislu og haldið upp á afmælið

Icelandair

Svali Björgvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs hjá Icelandair tók á móti hópi kvenna þann 14. janúar á Hótel Natura. Hann fór yfir skipulag félagsins og þær áskoranir sem félagið stendur frammi fyrir á miklum breytingatíma ferðaþjónustunnar á Íslandi

Bryndís Hlöðversdóttir

Þann 10. febrúar ræddi ríkissáttasemjari, Bryndís Hlöðversdóttir, við Leiðtogakornur á morgunfundum í Húsi atvinnulífsins.

Bryggjan Brugghús

Þá tók Fjóla G. Friðriksdóttir á móti hópi kvenna á nýjum veitingastað Bryggjan Brugghús 15. mars.

Vorferð 2016

Ferðinni var heitið til Stykkishólms 14.-15. apríl þar sem yfirskrift fundarins var Konur og auðlindir. Mæting var góð og nutu konur góðra kynninga, fyrirlesara sem og efldu tengslanet sín á milli.

Mikill áhugi hefur verið fyrir því að komast inn í félagið og á árinu voru teknar nokkrar nýjar inn í félagið og eru félagskonur nú um 130.

Skýrsla Alþjóðanefndar

Hlutverk nefndarinnar er að efla erlend samskipti og sjá um utanlandsferðir FKA

Formaður: Áslaug Gunnlaugsdóttir, Local lögmenn sf.

Stjórn: Danielle Neben, Landsbankinn

Jónína Bjartmars, Okkar konur í Kína ehf.

Ragnheiður Friðriksdóttir, Reykjavík Concierge

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, Fasteignakaup

Puríður Hrund Hjartardóttir, Icepharma

Starfsárið, 2015 - 2016

Hautferð FKA 2015

Hin árlega hautferð Alþjóðanefndar FKA fór fram dagana 23. – 28. september 2015 í Barcelona á Spáni. Gist var á glæsilegu fjögurra stjörnu hóteli, H10 Metropolitan sem staðsett er við Plaza Catalonia. Ferðin heppnaðist einstaklega vel enda var dagskráin fjölbætt og áhugaverð. Í ferðinni hittu FKA konur áhrifamikið fólk á heimsvísu úr atvinnulífinu, íþróttahæiminum og háskólaumhverfinu. Heimsóknin til Barcelona var því gott sambland af fræðslu, fyrirtækjaheimsóknum, tengslamyndun og skemmtun.

Technology Fast50

Í október 2015 var Fast 50 verkefnið haldið í fyrsta skipti á Íslandi en um er að ræða uppskeruhátíð tæknigeirans. FKA var formlegur samstarfsaðili Deloitte, Samtaka iðnaðarins og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í þessu verkefni.

Alþjóðadagur kvenna 8. mars

Alþjóðadeildin stóð fyrir morgunverðarfundum á Alþjóðadegi kvenna sem haldinn var hátíðlegur um víða veröld þann 8. mars sl. Fundurinn fór fram í lönnó en fram komu Gillian Karen-Cumberledge, stofnandi Fidelio Partners, Gígja Svavarsdóttir eigandi The Tin Can Factory, Helga Þóra Eiðsdóttir, forstöðumaður markaðs og almannatengsla hjá Orf líftækni/BIOEFFECT og Paula Gould, framkvæmdastjóri AMP ehf. (Andrea Maack). Það var Danielle Neben sem var fundarstjóri fundarins.

Ráðstefnan Global Summit of Women (GSW) 2016

Í samvinnu við Atvinnurekendadeild FKA hefur Alþjóðanefnd staðið fyrir skipulagningu ferðar á ráðstefnuna Global Summit of Women sem fer fram í Varsjá og Kraká Póllandi dagana 8. – 14. júní nk. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er „Women, Building and Inclusive Economy in the Digital Age“.

Hautferð FKA 2016

Alþjóðanefnd félagsins stendur fyrir hautferð til Montréal í Kanada dagana 28. september til 3. október 2016. Í samstarfi við sendiráð Kanada á Íslandi og viðskiptafræðideild McGill háskólans í Montréal er stefnt á ýmsar heimsóknir sem tengjast viðskiptum og menningu.

Skýrsla Fjölmíðlanefndar

Starf fjölmíðlahóps hefur það markmið að auka ásýnd kvenna í fjölmíðlum landsins

Stjórn:

Formaður: Rakel Sveinsdóttir, Spyr.is / Hringbraut
Helga Margrét Reykdal, True North
Hulda Bjarnadóttir, Framkvæmdastjóri millilandaráða Viðskiptaráðs
Hulda Dóra Styrmissdóttir, Háskólinn í Reykjavík
Íris Gunnarsdóttir, Lyfja
María Maríusdóttir, Drangey
Rakel Sveinsdóttir, Spyr.is / Hringbraut, Formaður
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Formaður FKA

Síðustu misseri hefur FKA unnið að því að auka á ásýnd kvenna í fjölmíðlum. Þetta hefur verið gert með samstarfi við fjölmíðla, meðal annars virkum pistlaskrifum FKA kvenna í Markaðinn hjá Fréttablaðinu. Í vetur hitti verkefnahópurinn fyrir forystumenn stjórnmalaflokka og þingmenn, til að ræða mikilvægi þess að hlutur kynja væri sem jafnastur í fjölmíðlum. Þá var staðið að undirbúningi ráðstefnu fyrir september 2016, þar sem forsvarsmenn stærstu miðlana munu kynna aðgerðaráætlun sína fyrir næstu árin, með tilliti til þess að jafna hlut kvenna í umfjöllun, sem og í fréttaskrifum eða dagskrárgerð. Á þeim degi er ætlunin að umfjöllun sem fjölmíðla verði tileinkuð konum og þá helst þannig að verkefnið veki athygli á heimsvísí og verði öðrum þjóðum til eftirbreytni.

Skýrsla FKA Norðurland

Félagskonur sem sjá um starfsemi félagsins á Norðurlandi:

Inga Vestmann, Pedromyndir ehf.
Ingibjörg Ringsted, Lostæti ehf.
Katrín Káradóttir, Kista | Menningarhúsinu Hofi

Starfsárið 2015 - 2016

Reglulegir fundir

Norðankonur hafa að jafnaði hist annan þriðjudag í mánuði og skipst á skoðunum yfir morgunkaffi eða hádegismat.

Alþjóðleg ráðstefna

Alþjóðleg kvennaráðstefna var haldin á Akureyri í lok ágúst á vegum Ladies Circle. Ladies Circle eru samtök kvenna á aldrinum 18 - 45 ára um allan heim, sem vilja stuðla að því að konur kynnist hver annarri, ólíkum reynsluheimum og margvíslegri menningu. Yfir 500 konur voru mættar til Akureyrar og FKA á Norðurlandi útbjó í sameiningu kynningarbækling á starfsemi/fyrirtækjum FKA kvenna á Norðurlandi með leiðarvísi um bæinn og kom þeim fyrir á meðal ráðstefnugagna. Markmiðið var að kynna FKA og fyrirtæki í eigu FKA kvenna á Norðurlandi og bjóða allar þessar konur velkomnar. Einstaklega vel heppnað og ánægjulegt samstarf.

Dömulegir dekur dagar

FKA konur taka að jafnaði virkan þátt í Dömulegum dekurdögum sem haldnir eru á Akureyri í október á hverju ári. Þar njóta vinkonur, systur, mæðgur, frænkur og vinnufélagar þess að gera eitthvað skemmtilegt saman. Hægt er að velja úr fjölda viðburða sem gleða hjartað og verslanir og fyrirtæki bjóða mörg hver upp á ýmsar upptækur og dömulega afslætti af þessu tilefni. Bleiki þráðurinn í gegnum allt það sem fram fer er fjáröflunaráttak til styrktar rannsóknum á krabbameini í konum. Í þessum alþjóðlega bleika október nýtur Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis góðs af því sem safnast á Dömulegum dekurdögum.

Vísindaferð í Mývatnssveit

FKA á Norðurlandi endar svo starfsárið 2015-2016 með vísindaferð í Mývatnssveit. Við heimsækjum félagskonuna Ernu Þórarinsdóttur í Reynihlíð og munum njóta þess að vera saman og spá í framtíð FKA á Norðurlandi.

Skýrsla FKA Suðurland

Félagskonur sem sjá um starfsemi félagsins á Suðurlandi:

Rósa Traustadóttir, Hugform ehf.

Hjálparhellur vetrarins voru Erla Gísladóttir, Kristín Hafsteinsdóttir og Auður Ingibjörg Ottesen

Starfsárið 2015 - 2016

Móttaka norskra athafnakvenna 13. september. Þetta var gert í samstarfi við Hrefnu Birgittu Bjarnadóttur. Tekið var á móti 20 norskum konum í Hellinum í Hellisskógi skálað og sungið svo undir tók í hellinum. Síðan var borðað saman í Tryggvaskála. Frábær dagur í alla staði og góð tengsl mynduðust.

Fastir fundir fyrsta fimmtudag eða föstudag í mánuði. Ákveðið var að funda hjá félagskonum í vetur og kynna þannig fyrirtækjum kvenna á Suðurlandi. Farið var í eftirtalin fyrirtæki: Eldhúsið, Hjarðarból í Ölfusi, Jógastöðina hjá Hugform, Gesthús, Frost og Funa og Sumarhúsið og garðinn. Þetta fyrirkomulag tókst afar vel og þannig kynntumst við fyrirtækjum félagskvenna vel. Á þessum fundum hélt gestgjafi kynningu um sitt fyrirtæki stöðu og stefnu og bauð síðan í morgunkaffi. Einnig fengum við aukagesti á fundi s.s. Hrefnu Birgittu sem kynnti námskeið sem hún hefur haldið héraðs og erlendis, fyrirhugað er að halda slíkt námskeið á haustdögum á Suðurlandi. Rakel Sveinsdóttir sagði okkur frá stefnumótunavinnu FKA og í kjölfarið höfum við eina Suðurlandskonu sem tengilið Ósk Gústafsdóttur.

Lokafundur Suðurlandsdeilar í maí. Stefnt er að lokafundi í maí hjá félagskonunni Elfu Dögg Þórðardóttir í Frost og Funa í Hveragerði. Dásamlegt Hótel og veitingastaður í sérstaklega fallegu umhverfi.

Skýrsla FKA Vestfirðir

Félagskonur sem sjá um starfsemi félagsins á Suðurlandi:

Formaður: Ásgerður Þorleifsdóttir, Hótel Ísafjörður

Ritari: Herdís Rós Kjartansdóttir, Ísafjarðabær

Aðrar í stjórn:

Hólfríður Vala Svavarsdóttir, Hótel Ísafjörður

Hafdís Gunnarsdóttir, Ísafjarðabær

Dagný Finnbjörnsdóttir, Dekurstofan Dagný

Starfsárið 2015 – 2016

FKA Vestfirðir var stofnað í október 2015 og því ekki komin mikil reynsla á starfið. Við byrjuðum á því að hafa fundina opna fyrir allar áhugasamar konur, til að kynna félagsskapinn og hvað væri framundan þennan veturinn. Haldnir hafa verið nokkrir fundir, bæði hádegis og morgunverðarfundir þar sem þátttaka hefur aukist með hverjum fundinum. Fyrstu fundirnir fóru í að kynnast hvor annarri og móta starfið en einnig höfum við fengið fyrirlesara til okkar með fróðleik og fyrirtækjakynningar.

Félagið fór hægt af stað en við höfum fullan metnað og hlökkum mikil til áframhaldsins

Golfnefnd FKA

Hlutverk golfnefndar er að skipuleggja árlegt golfmót sem hefur fest sig í sessi sem skemmtileg sumarferð þar sem golfkonur innan FKA koma saman og gera sér glaðan dag.

Golfnefnd mótsins 2015

Herdís Jónsdóttir, Formaður, Happy Campers
Aðalheiður Karlsdóttir, Eignaumboðið Sfl
Elín Sveinsdóttir,
Fjóla G. Friðriksdóttir, Forval
Sigfríð Runólfsson, Sport Company ehf.
Sigrún Edda Jónsdóttir, A4/Egilsson

Herdís og Elín gengu úr nefndinni á síðasta aðalfundi og tóku Hildur Ástþórsdóttir og Sigrún Traustadóttir sæti í nefndinni. Sigrún Edda Jónsdóttir tók við formennsku af Herdís og stendur undirbúningur fyrir glæsilegt golfmót 2016 fyrir.

Sumarið 2015 ákváðum við að gera við smá breytingu á mótinu og höfðum þetta meira „alvörumót“ þar sem eingöngu golfkonur með forgjöf tóku þátt og spilaðar voru 18 holur í punktakeppni. Hingað til hafa flest mótin verið útgáfa af Texas scramble þar sem vanar og óvanar hafa spilað saman, en þar sem golfkonum hefur fjölgað mikið í FKA var ákveðið að breyta mótsfyrirkomulagi og hafa alvörumót þar sem hver spilaði fyrir sig upp á punkta. Hópnum var skipt í tvo forgjafarhópa svo allar golfkonur gætu tekið þátt bæði há- og láfgorgjafarkonur.

Að þessu sinni lá leiðin á golfvöllinn á Selfossi, GOS, þar sem vel var tekið á móti okkur.

Að venju fórum við í heimsókn til FKA konu á leiðinni og að þessu sinni lá leiðin í Tryggvaskála þar sem að Kristín í Lindinni tók á móti konum og boðið var upp á glæsilegar veitingar.

Vel var tekið á móti okkur á golfvöllinum af formanni klúbbsins Ástríði M. Sigurðardóttur og Hlyni Geir Hjartarsyni framkvæmdastjóra, en svo skemmtilega vill til að Ástríður er ein af fáum konum sem hafa staðið vaktina sem formaður golfklúbbs. Þau buðu okkur velkomin, boðið var upp á samloku og gos og að því loknu haldið út á völl þar sem mótið var ræst af öllum teigum kl. 13:00.

Að móti loknu var snæddur matarmikill og góður kvöldverður að hætti golfskálans á Selfossi og að sjálfsgöðu hefðbundin verðlaunaveiting þar sem að venju var mikið af vinningum sem félagskonur höfðu styrkt okkur með og golfnefndarkonur höfðu safnað saman.

Þema dagsins var íslensku fánalitirnir, í tilefni af undankeppni EM íslenska landsliðsins í fótbolta og lagði golfnefndin línuna ásamt formanni og framkvæmdastjóra og mættu í íslenska landsliðsbúningnum frá KSÍ. Margar voru flottar þetta árið og settu lit sinn á mótið.

Nú er nefndin að undirbúa næsta golfmót og er áætlunin að taka lengri útgáfu af golfferð og gista yfir nótt. Fyrirhugað er að spila mót FKA á Strandarvelli á Hellu 8.júní n.k., kvöldverður og gleði um kvöldið á Stracta hótelinu á Hellu og gisting og svo boðið upp á golf aftur daginn eftir á Strandarvelli 9. júní fyrir þær sem vilja áður en haldið verður heim á leið.

Golfnefndin þakkar kærlega fyrir sig, þakkar félagskonum stuðninginn við mótið í gegnum árin sem skiptir svo miklu máli og hlakkar til að sjá ykkur sem flestar á golfmótinu þann 8. júní n.k.



Skýrsla Nýsköpunarnefndar

Nefndin leggur áherslu á sterk tengsl FKA við starf á sviði frumkvöðla og nýsköpunar. Markmiðið er miðlun upplýsinga og kynningar, þátttaka í viðburðum og öllu því sem viðkemur nýsköpun.

Stjórn:

Formaður: Erna Arnardóttir, Allt merkilegt
Ritari: Stefanía Kristinsdóttir, Einurð
Katría Steinsson, Around Iceland ehf
Gauja Hálfðanardóttir, Memo Ísland ehf.
Birgitta Ásgrímsdóttir, Reiðhjólaverzlunin Berlin
Þóra Þorvarðardóttir, Talnaberg

Starfsárið 2015 – 2016

Nýsköpunarnefnd hittist á fjórum fundum á starfsárinu þ.e. 10. september, 8. janúar, 12. febrúar og 28. apríl auk þess sem nefndin átti samskipti í gegnum tölvupóst.

Nefndin stóð fyrir eftirfarandi viðburðum.

24. september 2015. Móttakan fyrir GAIA samstarfsnet kvenna í atvinnulífinu í Finnlandi í Fab Lab smiðjunni í Fellagörðum og leiðsögn um vegglistaverkin í Breiðholti. Hópurinn fékk kynningu á Fab Lab smiðjunni og Rósa Gunnarsdóttir eiganda og framkvæmdastjóra Innoent kynnti frumkvöðlafræðslu fyrir börn og unglinga. Í framhaldinu áttu sér stað óformlegar kynningar og spjall í Gamla kaffihúsinu.

24. febrúar 2016. Móttaka hjá Áshildi Höfuðborgarstofu. Þar sem kynnt var starfsemi og áherslur Höfuðborgarstofu, vöxtur og nýsköpunartækifæri í ferðaþjónustunni.

Byrjun maí 2016. Kynning á Start up Iceland fyrir FKA.

Lok maí 2016. Nýsköpunarrúntur í Borgartúni sem endar í móttöku með Ingrid Vanderveldt en hún hefur það markmið að efla billijón konur. (EBW 2020 - engage, empower, earn).

Reynt var að skipuleggja heimsókn til Mentor í tvígang, janúar og mars, í bæði skiptin þurfti að hætta við sökum þess að viðburðurinn rakst á annan viðburð hjá FKA.

Lögð var fram tillaga að evrópsku samstarfsverkefni byggt á finnskri fyrirmynd frá EY og GAIA tengslaneti kvenna í Finnlandi. Unnin voru drög að verkefnahugmynd og fyrstu skref tekin í þróun verkefnisins. Ekki tókst að ljúka þeirri undirbúningsvinnu í tíma en umsóknfrestur í Erasmus+ áætlunina var í lok mars. Horft er til þess að taka upp þráðinn með haustinu og sækja um í mars 2017.

Nýsköpunarnefnd þakkar FKA konum góðar viðtökur og aðkomu að starfinu síðastliðinn vetur og fagnar öllum ábendingum og tillögum um viðburði, fræðslu eða þróunarverkefni.

Skýrsla Viðskiptanefndar

Leiðarljós nefndarinnar er að efla viðskiptatengsl milli félagskvenna

Stjórn:

Formaður: Lilja Bjarnadóttir, Denim ehf - Levi's á Íslandi

Varaformaður: Stella Leifsdóttir, Belladonna

Ritari: Jóhanna Þ. Jónsdóttir, Inness

Sólrún Anna Jónsdóttir, Ferðamálastofa,

Þórey S. Þórisdóttir, THS Ráðgjöf,

Vala H. Guðmundsdóttir, Virðing ehf.

Starfsárið 2015 – 2016

Október

Stella Leifsdóttir, varaformaður viðskiptanefndar fór til Ísafjarðar ásamt fleiri fulltrúum FKA og tók þátt í ráðstefnunni í kjölfar Bríetar. Á ráðstefnunni var velt upp spurningum og farið yfir stöðu kvenna með áherslu á hugarfar, ávinning af jafnrétti og mikilvægi fyrirmynda. Stella tók einnig þátt í stofnfundi FKA á Vestfjörðum og fræddi vestfirsku konurnar um gildi og kosti FKA á landsbygðinni.

Nóvember

Viðskiptanefnd stóð fyrir tenglsamfundunarfundi sem haldin var 10.nóvember í Húsi Atvinnulífsins. Alda Sigurðardóttir stjórnendabjálfi var með fróðlegt erindi um tengslamyndun og þátttakendur tóku þátt í léttum æfingum til að þjálfra lyfturæðuna.

Desember

Jólarölt FKA. Eins og verið hefur sá Viðskiptanefnd FKA jólaröltið 2015. Við fórum niður á Granda og heimsóttum fyrirtækin Tulipop, Hús Sjávarklassans, fórum á verkstæði Jens Gullsmiðs og enduðum svo Bryggjan Brugghús.

Mars

Örstefnumót – Speed Date.

Viðskiptanefnd ráðlagði örstefnumót sem halda átti 17. mars á Grand Hótel. Ekki náðist nægur fjöldi á þann viðburð og nefndin mun því fresta honum fram á næsta starfsár.

Skýrsla Fræðslunefndar

Nefndin vinnur að fræðslumálum félagskvenna í formi verkefna og funda

Stjórn:

Ásta Björg Sveinsdóttir Efla starfsmannastjóri


Lára Óskarsdóttir Stjórnendamarkþjálfari

Hildur Elín Vignir lðan fræðslusetur

Hanna Guðlaugsdóttir Protalent.

Starfsárið 2015 - 2016

Nefndin sló fyrsta tón ársins með því að standa fyrir „Kick-off fundi“, þar sem meginþemað var markmiðasetning. Fundurinn var haldinn í lðunni fræðslusetri Vatnagörðum þann 14. janúar. Yfir 80 konur mættu og hlýddu á þjálfari erindi sem voru í höndum Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur formanns FKA, Jónu Hrannar Bolladóttur prests Garðasókn og Lára Óskarsdóttir stjórnendamarkþjálfara. Í hverju erindi fjallaði hver fyrirlesari um sína eigin nálgun á því að setja sér markmið.



Félag kvenna í atvinnulífinu

Ársreikningur

2015

FKA - Félag kvenna í atvinnulífinu
Borgartúni 35
105 Reykjavík
kt. 710599-2979

Skýrsla uppgjörsaðila

Til stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir FKA vegna ársins 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða FKA við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans. Allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma fram í ársreikningnum.

Reykjavík, 4. maí 2016

F.h. Fastland ehf

Silja Dögg Ósvaldsdóttir

Áritun skoðunarmanns

Ég undirrituð hef skoðað ársreikning Félags kvenna í atvinnulífinu fyrir árið 2015. Skoðun mín hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015.

Skoðunarmaður félagsins staðfestir hér með ársreikning þess fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. maí 2016

Sigrún Guðmundsdóttir
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félag kvenna í atvinnulífinu, FKA, er öflugt tengslanet kvenna. Markmið félagsins er meðal annars að sameina konur í atvinnulífinu og um leið að auka sýnileika og tækifæri þeirra með því að stuðla að virðingu og verðskuldaðri athygli samfélagsins á framlagi fyrirtækja sem rekin eru af konum.

Árið 2015 bauð FKA upp á rúmlega 50 viðburði auk þess að taka þátt í ýmsum verkefnum í samstarfi við ýmsa aðila. Í dag eru yfir 1000 félagskonur skráðar í FKA. Tvær sjálfstæðar deildir eru starfræktar innan félagsins, LeiðtogaAuður og Atvinnurekendadeild.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins af reglulegri starfsemi 7,0 m. kr. Stjórn félagsins ákvað að afskrifa óinnheimt félagsgjöld árána 2013-2014 um 5,7 m. kr og er rekstrarniðurstaða ársins jákvæð um kr. 1,4 m. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins 14,9 m.kr og bókfært eigið fé í árslok er 13,1 m.kr.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri staðfesta að samkvæmt þeirra bestu vitund gefur ársreikningur FKA fyrir árið 2015 glögga mynd af rekstrinum og rekstrarafkomu félagsins.


Reykjavík 4. maí 2016

Framkvæmdastjóri



Hulda Bjarnadóttir


Í stjórn félagsins:



Þórunn Lóa Þórhallsdóttir


Áshildur Bragadóttir


Rakel Sveinsdóttir


Hérdis Jónsdóttir


Ingibjörg Guðmundsdóttir


Kolbrún Hrunn Víðisdóttir


Ólöf Guðmundsdóttir Salmon

Rekstrarreikningur

	skýr- ingar	2015	2014
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld.....		23.221.150	19.813.212
Aðrar tekjur.....	5	10.992.242	12.115.882
		<u>34.213.392</u>	<u>31.929.094</u>
Rekstrargjöld			
Fundur og ráðstefnur.....	6	10.817.425	13.519.686
Laun og launatengd gjöld.....	7	9.728.019	8.940.559
Annar rekstrarkostnaður.....	8	6.720.565	6.467.372
		<u>27.266.009</u>	<u>28.927.617</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....		6.947.383	3.001.477
Fjármagnsliðir			
	1		
Fjármagnsgjöld.....		(228.958)	(170.931)
Fjármagnstekjur.....		331.183	274.882
		<u>102.225</u>	<u>103.951</u>
Hagnaður af reglulegri starfsemi.....		7.049.608	3.105.428
Tapaðar kröfur.....	2	5.682.472	1.520.110
		<u>5.682.472</u>	<u>1.520.110</u>
Afkoma ársins		1.367.136	1.585.318

Efnahagsreikningur

	skýr- ingar	31.12.2015	31.12.2014
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	3	8.124.517	7.939.600
Aðrar skammtímakröfur.....	4	612.873	0
Handbært fé.....		6.140.069	5.749.224
		<u>14.877.459</u>	<u>13.688.824</u>
Eignir alls		14.877.459	13.688.824

31. desember 2015

	skýr- ingar	31.12.2015	31.12.2014
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....		11.708.908	10.123.590
Hagnaður.....		1.367.136	1.585.318
		<u>13.076.044</u>	<u>11.708.908</u>
 Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		1.499.014	1.241.730
Ógr. laun og launtengd gjöld.....		246.401	693.806
Aðrar skammtímaskuldir.....		56.000	44.380
		<u>1.801.415</u>	<u>1.979.916</u>
 Skuldir samtals		<u>1.801.415</u>	<u>1.979.916</u>
 Skuldir og eigið fé		14.877.459	13.688.824

Sjóðstreymi 2015

	2015	2014
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins.....	1.367.136	1.585.318
Hreint veltufé frá rekstri	<u>1.367.136</u>	<u>1.585.318</u>
Rekstrarliðir		
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Breyting á rekstrartengdum eignum.....	(797.790)	(3.993.175)
Breyting á rekstrartengdum skuldum.....	(178.501)	1.312.237
Handbært fé til rekstrar	<u>390.845</u>	<u>(1.095.620)</u>
Lækkun handbærs fjár	390.845	(1.095.620)
Handbært fé í upphafi árs	<u>5.749.224</u>	<u>6.844.844</u>
Handbært fé í lok árs	<u>6.140.069</u>	<u>5.749.224</u>

Skýringar

1. Fjármagnsliðir

Fjármagnstekjur	2015	2014
Vaxtatekjur af bankareikningum.....	133.487	142.543
Dráttarvaxtatekjur.....	197.696	132.339
	<u>331.183</u>	<u>274.882</u>
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld.....	171.574	122.448
Fjármagnstekjuskattur.....	57.384	48.483
	<u>228.958</u>	<u>170.931</u>

2. Tapaðar kröfur

Félagsgjöld og aðar kröfur.....	5.682.472	1.520.110
	<u>5.682.472</u>	<u>1.520.110</u>

3. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2015	31.12.2014
Óinnheimt félagsgjöld.....	6.798.455	7.074.397
Óinnheimtar kröfur vegna funda og ferða.....	1.326.062	865.203
	<u>8.124.517</u>	<u>7.939.600</u>

4. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur	31.12.2015	31.12.2014
Ofgreiddur lífeyrissjóður.....	242.295	0
Ofgreidd opinber gjöld.....	370.578	0
	<u>612.873</u>	<u>0</u>

Sundurliðanir

	2015	2014
5. Aðrar tekjur		
Fundir, ferðir og ráðstefnur.....	6.348.851	9.792.141
Styrkir.....	2.080.000	2.323.741
Styrkur Atvinnurekendadeild.....	1.500.000	0
Velunnarar FKA.....	825.000	0
Auglýsingatekjur heimasíðu.....	152.087	0
Aðrar tekjur.....	86.304	0
	<u>10.992.242</u>	<u>12.115.882</u>
6. Fundir og ráðstefnur		
Viðburðir.....	6.663.608	9.810.543
FKA viðurkenningin.....	3.931.167	2.926.165
Erlend starfsemi.....	222.650	782.978
	<u>10.817.425</u>	<u>13.519.686</u>
7. Laun og launatengd gjöld		
Laun.....	7.738.712	7.004.772
Lífeyrissjóðsframlag.....	773.872	700.477
Tryggingargjald.....	660.066	607.598
Bifreiðastyrkur.....	300.000	300.000
Sjóðagjöld.....	129.394	110.677
Dagpeningar.....	101.475	194.035
Endurmenntun og námskeið.....	24.500	23.000
	<u>9.728.019</u>	<u>8.940.559</u>
8. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Heimasíða - forritun og uppsetning.....	1.856.603	3.019.744
Reikningshald.....	1.664.012	1.095.736
Pappír, prentun, ritföng.....	991.579	181.443
Rekstur húsnæðis.....	907.659	695.863
Auglýsingar og kynningarkostnaður.....	400.401	134.773
Bankakostnaður og þjónustugjöld.....	240.688	170.918
Burðargjöld.....	153.200	426.993
Sími.....	150.674	169.586
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	141.809	49.580
Styrkir.....	115.640	420.000
Ráðstefnur.....	52.460	22.000
Félags- og aðildargjöld.....	33.500	40.049
Aðkeyptur akstur.....	12.340	11.000
Viðhald áhaldna og tækja.....	0	16.942
Innlendar bækur, blöð og tímarit.....	0	12.745
	<u>6.720.565</u>	<u>6.467.372</u>

